

ÞRÓUNARSJÓÐUR INNFLYTJENDAMÁLA

Háskólasetur Vestfjarða f.h.
félags- og vinnumarkaðsráðuneytis
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður
Ísland

Lokaskýrsla vegna styrks úr Þróunarsjóði innflytjendamála

1. Heiti verkefnis: Íslesnkukennsla og aðlögun að íslensku samfélagi

2. Umsækjandi

Nafn	Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu		
Kennitala	660601-2790		
Heimilisfang	Víkurbvarf 2		
Starf	Virkti úrræði fyrir ungmenni		
Stofnun			
Sími	544-4080	Farsími	896-0162
Netfang	sturlaugur@fjolsmidjan.is		

3. Framkvæmdaraðili (ef annar en umsækjandi)

Nafn			
Kennitala			
Starf		Sími	
Netfang		Farsími	

4. Samstarfsaðilar og/eða aðrir þátttakendur

Nafn	Starf	Stofnun	Netfang

5. **Útdráttur:** Stutt lýsing á verkefni og helstu niðurstöðum, til birtingar á www.uw.is
(250-300 orð)

Heiti verkefnis: Íslenskukennsla og aðlögun að íslensku samfélagi

Nafn styrkþega: Fjölsmiðjan á Höfuðborgarsvæðinu

Útdráttur: Fjölsmiðjan er virkniúrræði fyrir ungmenni frá 16 – 24 ára. Ungmenni sem hafa dottið úr námi eða vinnu og þurfa aðstoð við að koma sér af stað, aftur út í lífið. Fjölsmiðjan er í auknu mæli að taka á móti flóttamönnum sem koma til Íslands í leit að betra lífi. Erlendir nemar eru þeir sem fjölgar hraðast hjá okkur og eru núna 35% af skjólstæðingum okkar frá ýmsum löndum en þó mest frá Venezuela.

Verkefnið er tvíþætt. Annarsvegar hefðbundin *íslenskukennsla* þar sem farið er í einfalda málfræði, gerðar æfingar og lesið upphátt. Hinsvegar *aðlögun að íslensku samfélagi* þar sem áhersla er lögð á að tala íslensku, hlusta og fræða um atriði sem einkenna Ísland og Íslendinga.

Við byrjuðum með einn 6 manna hóp í íslenskutíma einu sinni í viku og einn tíma í aðlögun að íslensku samfélagi. Fljótlega varð fjöldin það mikil að skipta þurfti hópnum í tvennt.

Ráðin var íslenskukennari til að sinna íslenskukennslunni en starfsmenn Fjölsmiðjunnar sáu um að kenna aðlögun að íslensku samfélagi.

Erfitt var að fá námsefni við hæfi en við fréttum af góðu námsefni frá Ármúlaskóla sem við festum kaup á. Þá var Námsgagnastofnun hjálpleg við efnisöflun og samkvæmt þeim er verið semja nýtt íslenskukennsluefni fyrir útlendinga.

Þegar við horfum til baka og metum þetta verkefni er það einróma álit starfsmanna að það hafi tekist mjög vel og sé afar mikilvægt þeim nemum sem hingað koma. Hins vegar er árangur nemenda afar mismunandi og skiptir viðhorf og metnaður þar miklu máli. Að sjálfsögðu læra svo nemarnir ísl. úti deildum þar sem þeir vinna á degi hverjum.

Erfiðleikarnir sem við stóðum frammi fyrir var sá að nýir nemar eru að koma á öllum tímum inn í Fjölsmiðjuna og þurftum við að aðlaga okkur að því að vera að byrja með nýja nemendur á öllum tímum.

Þessir tímar voru vinsælir og gengu mjög vel. Nemendur kynntust vel innbyrðis og náðu margir góðum tókum á íslenskri tungu.

6. **Abstract:** Short description of the project in English, to be published on www.uw.is.
(250-300 words) *Optional*

Project Title: Icelandic language teaching and adaptation to Icelandic society

Name of Grantee: Fjölsmidjan in the capital area

Abstract: Fjölsmidjan (The Multi-Workshop) is an activity resource for young people from 16 – 24 years old. Young people who have dropped out of school or work, and need help to get started again in life. Fjölsmidjan is increasingly handling refugees who come to Iceland in search of a better life. Foreign pupils are the fastest growing segment at Fjölsmidjan and now make up 35% of our clients from various countries, but most from Venezuela.

This project is twofold. On the one hand; traditional Icelandic lessons where simple grammar is covered, exercises are done and read aloud. On the other hand; adaptation to Icelandic society where emphasis is placed on speaking Icelandic, listening and learning about things that characterize Iceland and Icelanders.

We started with one group of six in Icelandic class once a week and one class in adaptation to Icelandic society. Soon the number became so large that the group had to be split in two.

An Icelandic teacher was appointed to teach Icelandic, while Fjölsmidjan's employees were responsible for teaching adaptation to Icelandic society.

It was difficult to get suitable study materials, but we heard about good study materials from Ármúlaskóli, which we decided to buy. The Learning Resources Institute (Námsgagnastofnun) was also helpful in gathering material, and in accordance with them, new teaching materials are being drafted for teaching Icelandic to foreigners.

When we look back and evaluate this project, the unanimous opinion of the employees is that it was very successful and is extremely important to the pupils who come here. However, pupils' results vary greatly, and attitude and ambition are very important.

The difficulty we faced was that new pupils are coming into Fjölsmidjan all the time, and we

had to adapt to starting with new students simultaneously.

These classes were popular and went very well. The pupils got to know each other well and many got a good grasp of the Icelandic language.

7. Rannsóknar- eða verkefnisskýrsla: Inngangur, aðferðir, niðurstöður, áskoranir
(*allt að 1000 orð*)

Fjölsmiðjan á Höfuðborgarsvæðinu er virkniúrræði fyrir ungmenni frá 16 – 24 ára. Ungmenni sem hafa dottið úr námi eða vinnu og þurfa aðstoð við að koma sér af stað, aftur út í lífið. Fjölsmiðjan er í auknu mæli að taka á móti flóttamönnum sem koma til Íslands í leit að betra lífi. Erlendir nemar eru þeir sem fjölga hraðast hjá okkur og eru núna 35% af skjólstaðingum okkar frá ýmsum löndum en þó mest frá Venezuela.

Allir þeir innflytjendur sem koma inn í Fjölsmiðjuna eru komnir með íslenska kennitölu og er vísað hingað af félagsmálayfirvöldum í hverju bæjarfélagi fyrir sig. Drengir eru í miklum meirihluta sem hingað koma eða um 85%.

Í Fjölsmiðjunni eru 5 deildir ásamt fræðsludeildinni sem er þvert á allar deildir.

Það kom fljótt í ljós þegar útlendingum fór að fjölga svona hratt mikilvægi þess að vera með Íslenskukennslu og veita stuðning við aðlögun að ísl. samfélagi. Mikið traust skapast við Fjölsmiðjuna þar sem baklandið er stundum veikt eða ekkert heima fyrir.

Ráðin var íslenskukennari til að sinna íslenskukennslunni en starfsmenn Fjölsmiðjunnar sáu um að kenna aðlögun að íslensku samfélagi.

Í byrjun voru 3 einstaklingar sem hófu nám í Íslensku fyrir útlendinga. Þeim fjölgaði verulega þegar leið á svo nauðsynlegt þótti að skipta hópnum í tvennt til að kennslan gæti verið í samræmi við getu nemanna og ekki síst persónuleg þar sem bakgrunnur þessara einstaklinga er oftast en ekki afar erfður. Núna eru 15 nemar allt ungir karlmenn á aldrinum 16 – 22 ára.

Kennt er 2 x í viku tveimur hópum.

Stór hluti af okkar erlendu nemum fer svo áfram í Tækniskólann, Fjölbraut við Ármúla eða Fjölbrautarskóla í Breiðholti. Við fylgjum þeim eftir í ca 1 ár og þeir hafa fullan aðgang að Fjölsmiðjunni og geta fengið námsaðstoð eða bara spjall, hlustun og fjölbreyttan einstaklingsbundinn stuðning.

Erfiðlega gekk að nálgast námsefni við hæfi þar sem flest af námsefni sem til er aðalega framleitt fyrir grunnskólanemendur. Okkur tókst þó að finna gott og aðgengilegt námsefni frá Fjölbautarskólanum í Ármúla sem við fjárfestum í og notum einnig námsefni frá Námsgagnastofnun ásamt eigin efni til hliðsjónar. Námsgagnastofnun er að framleiða endurbætt námsefni fyrir framhaldsskólastig. Væntum þess að það henti okkar nemendum.

Þó að við finnum fyrir óskaplega miklu þakklæti frá þeim sem hingað koma þá heyrum við að það er líka erfitt að flytja til lands sem er eins ólíkt og þeirra. Að þeirri ástæðu ákváðum við að hafa þetta verkefni tvíþætt.

Annarsvegar hefðbundin *íslenskukennsla* þar sem farið er í einfalda málfræði, gerðar æfingar og lesið upphátt.

Hins vegar *aðlögun að íslensku samfélagi* þar sem áhersla er lögð á að tala íslensku, hlusta og fræða um atriði sem einkenna Ísland og Íslendinga. Kenna þeim íslenska frasa, kenna þeim á strætó, allt um íslenska veðráttu, venjur, hátíðarhöld, ýmis réttindi ofl, ofl.

Leyfa þeim að spyrja hvað kom þeim á óvart og hvað það er sem þau ekki skilja.

Ljóst er að innflytjendum og flóttamönnum mun halda áfram að vera stór hluti af nemum Fjölsmiðjunnar og því mikilvægt að halda þessu verkefni áfram.

Þegar við horfum til baka og metum þetta verkefni er það einróma álit starfsmanna að það hafi tekist mjög vel og sé afar mikilvægt þeim nemum sem hingað koma. Hins vegar er árangur nemenda afar mismunandi og skiptir viðhorf og metnaður þar miklu máli.

Erfiðleikarnir sem við stóðum frammi fyrir var sá að nýir nemar eru að koma á öllum tímum inn í Fjölsmiðjuna og þurftum við að aðlaga okkur að því að vera að byrja með nýja nemendur á öllum tímum og gæta þess að vera ekki að endurtaka okkur og að allir fái þær upplýsingar sem að við teljum að séu mikilvægar og fræðandi fyrir þá sem hingað flytja.

Þessir tímar voru vinsælir og gengu mjög vel. Nemendur kynntust vel innbyrðis og náðu margir góðum tókum á íslenskri tungu.

Niðurstöðurnar eru að við skilum hæfari einstaklingum út í þjóðfélagið. Einstaklingum sem eru öruggari með sig og kunna betur þær leikreglur sem hér eru á þessu landi.

8. Mat á verkefni: Telurðu að verkefnið hafi náð tilætluðum árangri? Hvernig var verkefnið/rannsóknin metið?

Það er einróma álit allra sem koma að þessu verkefni að þetta er afar mikilvægt verkefni.

Mikilvægi þess að þeir sem koma hingað læri íslenska tungu.

Ekki síður sáum við mikilvægi þess að vera með kennslustundirnar *aðlögun að íslenski samfélagi*. Í þessum tímum var farið yfir þá þætti sem að allflestir Íslendingar vita eins og hversu snögg veðurbreytingar geta verið hér á landi, hvað ber að varast, hvað er skemmtilegt að gera á Íslandi, íslenskur matur, frídagar, helstu popparar Íslands, að hér ríkir mikið frelsi og mikilvægi þess að allir fái að vera eins og þeir eru.

Þó að það hafi verið einn fastur kennari í þessu fagi þá voru allir starfsmenn Fjölsmiðjunnar hluti af því að fræða nemendurnar um allskonar atriði.

Erfíleikarnir voru aðallega sá að hóparnir voru alltaf að stækka og breytast og því mikilvægt að vera tilbúin að aðlaga verkefnið að nemendunum og að þeim áskorunum sem upp komu.

En það kom fljótt í ljós að þeir nemar sem ætluðu sér að læra íslensku þurfa að vera tilbúin að læra heima, þora að tala íslensku þó að hún sé ekki langt komin.

Eftir því sem nemendur fá meiri þekkingu á samfélaginu þ.e. menning, leikreglur þá eru líkurnar meiri á að fá vinnu við hæfi og þeir orðið virkir þjóðfélagsþegnar. Með þessari kennslu auðveldum við þeim að læra tungumálið, aðlagast og gera þá öruggari í eigin skinni.

Kunnátta þeirra er vissulega mismunandi en með því að hafa fáa saman í hóp náum við að sinna hverjum og einum á persónulegan hátt.

Velliðan er undirstaða náms og því er leitast við að hafa þessa tíma léttu og skemmtilega og reynt að ná góðum námsanda. Íslenskukennsla fer víðar fram en í skólastofunni. Inni á deildum er allan daginn verið að tala íslensku, þjálfu og kenna.

9. Kynning á verkefni: Hvernig hefur verið staðið að kynningu verkefnisins/rannsóknarinnar?

Ef vísad er í vefsíður, samfélagsmiðla eða efni á Netinu, vinsamlega látið vefslóð fylgja.

Verkefnið hefur verið kynnt hagsmunaaðilum eins og sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, félagsmálayfirvöldum, VMST og hjá samræmdri móttöku flóttafólks í Reykjavík.

Mikið er um að við fáum heimsóknir hingað af allskonar fyrirtækjum, stjórnmalamönnum, skólum, jafnt innlendum sem erlendum.

Félagsmálastofnanir á höfuðborgarsvæðinu senda til okkar nema frá ýmsum löndum og þeir fá kynningu á því hvað er gert fyrir þá nema sem hingað koma.

10. Fjárhagsuppgjör verkefnisins (Til dæmis laun, rekstrar- og skrifstofukostnaður, ferðakostnaður, útgáfa, prentun o.s.frv.)

Kostnaðarliður*	Upphæð
Launakostnaður	3.820.181
Pappír, prentun og ritföng	179.819
Mótframlag**	2.223.374
Samtals heildarkostnaður við verkefni	6.223.374

* Frumrit eða ljósrit af kvittunum fylgi með.

** Mótframlag þarf að vera a.m.k. 25% af heildarkostnaði verkefnis.

11. Skrá yfir fylgiskjöl ef við á

Excelskjál – útreikningur kostnaðar
Reikningar v. pappír, prentun og ritföng
Launagreining úr DK launþega

Lokaskýrsla þessi er fyllt út í samræmi við reglur sjóðsins um úthlutun styrkja, en þær eru að finna á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins.

29/ 11 2022.

Dagsetning

Sturlaugur Sturlaugsson forstöðumaður.

Ábyrgðarmaður umsóknar

**Lokaskýrslu skal skila til Háskólaseturs Vestfjarða
í tölvupósti til throunarsjodur@uw.is**

